



Fundargerð

12. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn að Hlíðargerði þann 15. desember 2016.

Mætt: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk og Jóney Gylfadóttir.

Formaður setti fund klukkan 20:40 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 11. fundar, samþykkt rafrænt milli funda.

2. Útnefning á frjálsípróttakonu og frjálsípróttakarli ársins 2016

Fjallað um tillögu og umsögn ípróttá- og afreksnefndar FRÍ. Stjórn samþykkti tillögu ípróttá- og afreksnefndar sem var að frjálsípróttakona ársins 2016 væri Aníta Hinriksdóttir og frjálsípróttakarli ársins 2016 væri Guðni Valur Guðnason. Ákveðið að útnefning færi fram í Laugardal 22.12.2016 að þessu sinni.

3. 10 mánaða uppgjör og drög að fjárhagsáætlun 2017

10 mánaða uppgjör 2016 var lagt fram og drög að fjárhagsáætlun 2017 voru kynnt. Vísað til næsta stjórnarfundar til frekari umræðu.

4. Viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta 2017

Lögð var fram tillaga starfsnefndar. Óskað eftir að stjórnarmenn skili umsögnum sem fyrst. Í kjölfarið verður leitað umsagna hjá unglinganefnd FRÍ og ípróttá- og afreksnefnd FRÍ.

5. FRÍ ehf.

Málefni FRÍ ehf. tekin upp frá síðasta stjórnarfundum. Samþykktir félagsins og stjórnarumgjörð liggja fyrir. Félagið hefur ekki haft neina starfsemi sl. ár. Samþykkt að boðað verði til hluthafafundar vegna stjórnarskipta m.t.t. stjórnarskipta í FRÍ.

6. FRÍ 70 ára 16. ágúst 2017

Stjórn samþykkti að í 70 ára afmælisnefndinni yrðu úr aðal- og varastjórn: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir og Björg Ágústsdóttir, einnig voru tilnefnd þau Magnús Jakobsson, Stefán Halldórsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kristinn Guðlaugsson. Verkefnastjóra FRÍ falið að hafa samband við tilnefnda aðila og formanni að boða til fyrsta fundar, sem fyrst.

7. Skrifstofa - Starfsmannahald

Lögð fram tillaga skrifstofuhóps. Sent á stjórnarmenn til umfjöllunar milli funda.

8. Hlutverk fastanefnda og tengiliða



Lögð fram umræðutillaga og tekin umræða um tillögu formanns um hlutverk fastanefnda og tengiliða. Sent til umsagnar hjá fastanefndum. Stefnt að umræðu á næsta stjórnarfundi.

9. Meistaravika RÚV – Bikarkeppni FRÍ innanhúss

Samþykkt að vísa málinu til móta- og mannvirkjanefndar FRÍ til umsagnar.

10. Sameining Landsmótsins og MÍ

Fyrirspurn barst um það hvort FRÍ væri til í að sameina ofangreind mót. Fundarmenn voru ekki samþykkið því. Helstu rök eru þau að ekki væri mikið um hápunkta á frjálsíþróttasviðinu yfir sumarið, en MÍ og Landsmót eru tveir þessara

hápunkta og því ekki vert að draga þessa tvo viðburði saman. Lagt til að ræða við norðanmenn þegar þar verður opinn stjórnarfundur með þá tillögu að leggja áherslu á að frjálsíþróttafólk fjölmenni á Landsmótið og styðja við framkvæmdaraðila í eflingu frjálsíþróttakeppninnar sem og öðrum viðburðum sem tengjast frjálsíþróttaiðkun og hlaupum.

10. Opnir stjórnarfundir

Opinn stjórnarfundur var haldinn fimmtudaginn 8. desember hjá frjálsíþróttadeild Breiðabliks í Kópavogi. Næstu fundir verða haldnir fljótlega á nýju ári. Athuga með hvaða tímasetningar henta Aftureldingu, HSK og Ármanni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.22:10. Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir